

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra um frest til að skila umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2013.

1. Frestur til að skila umsóknum um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2013, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1187/2012, er til 2. apríl nk. vegna manna, en til 16. maí 2013 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið sendar rafrænt á netfangið [umsoknir@rsk.is](mailto:umsoknir@rsk.is) eða póstlagðar til næstu starfsstöðvar ríkisskattstjóra fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skatt- eða gjaldstofnar vegna tekjuársins 2012 séu a.m.k. 25% lægri en þeir stofnar sem fyrirframgreiðslan ákvarðast af, þ.e. tekjuárið 2011, og að álögd gjöld 2013 muni af þeim sökum að lágmarki verða 50.000 kr. lægri en við álagningu 2012.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun á fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2013 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2013 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Vakin er athygli á því að heimilt er að óska eftir endurupptöku á ákvörðun ríkisskattstjóra innan þriggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1187/2012 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 3. janúar 2013.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013